

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 11. nóvember 2014 kl. 12:00 í fundarherbergi á 3. hæð í Gimli.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Haraldur Briem og Salvör Nordal.

1. *Fundargerð* síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fjármál*. Forstöðumaður gerði örstutta grein fyrir stöðu fjármála sem eru erfið þetta ár en von er á hærra framlagi á næsta ári vegna mótframlaga.
3. *Vefsíða og kynning*. Forstöðumaður skýrði frá vinnu á þessu ári við að uppfæra vefsíðu stofnunarinnar en Jón Bragi Pálsson aðstoðað við þessa vinnu. Ætlunin er að setja eins mikið af efni um stofnunina á vefinn og kostur er þar á meðal fundargerðir stjórnar. Var stjórnin þessu samþykkt.
4. *Tilnefning*. Ný lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði taka gildi um áramót og því hefur Velferðarráðuneytið óskað eftir tilnefningum í Vísindasiðanefnd sem skipa þarf samkvæmt nýjum lögum. Var samþykkt að tilnefna aftur þau Henry Alexander Henrysson sem aðalmann og Helgu Þorbergsdóttur til vara.
5. *Ársfundur*. Lögð fram tillaga um að halda ársfund Siðfræðistofnunar 5. desember n.k. Nokkur efni voru rædd og ákveðið að bjóða Ólafi Páli Jónssyni að halda fyrirlestur tengdan skólamálum og fá nokkra að auki í pallborðsumræður.
6. *Rannsóknaverkefni*. Stjórnarformaður og forstöðumaður gerðu örstutta grein fyrir rannsóknaverkefnum stofnunarinnar.
 - a. *Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur*. Síðasta rannsóknarmálstofan var haldin 7. nóvember s.l. en nú er í undirbúningi alþjóðleg ráðstefna sem haldin verður í Reykjavík 27.-29. maí á næsta ári.
 - b. *NERRI*. Stofnunin hefur haldið fjóra viðburði tengda Nerri á þessu ári, nú síðast málþing í Norræna húsinu 15. nóvember. Næsti vinnufundur í verkefninu verður haldinn í Porto í lok nóvember.
 - c. *COST – Disaster Bioethics*.
 - d. *Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði og POP-Gen*. Fyrsti fundur POP gen var haldinn í 16.-18. október s.l. í samvinnu við málþing Norrænu lífsiðfræðinefndarinnar í Reykjavík.
 - e. *COST – CHIP ME*. Fundur var haldin í verkefninu í nóvember og gengur það nokkuð vel.
 - f. *Verkefni um sjálfræði barna með RÁS*. Meistaraneми vinnur að ritgerð.
 - g. *Samþættingarverkefni*. Verkefnið er á ætlun.
 - h. *Hvalaverkefni*. Skýrslu hefur verið skilað.
7. *Málþing og útgáfa*

- a. Rætt um hugmyndir að hádegismálstofum um álitæfni í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Læknadeild HÍ en ein málstofa var haldin á haustmisseri. Leitast verður eftir samstarfi við fleiri fagsvið.
- b. Bókaútgáfa. Nýtt ritgerðarsafn *Hugsmíðar* eftir Vilhjálm Árnason er komið út.

Fundi slitið 13.15

S.N.